

REGLUR

um úthlutun Framkvæmdasjóðs jafnréttismála.

1. gr.

Tilgangur.

Í samræmi við verkefni 2 í þingsályktun um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum 2016–2019 skal starfrækja sérstakan sjóð, Framkvæmdasjóð jafnréttismála, tímabundið til fjögurra ára. Honum er ætlað að stuðla að eftirfylgni við verkefni úr þingsályktun um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum þannig að nýta megi niðurstöður, reynslu og þekkingu sem fæst með umræddum verkefnum.

2. gr.

Fjármunir og úthlutanir.

Sjóðnum eru lagðar til árlega 10 millj. kr. af fjárlögum árána 2016–2019. Velferðarráðuneytið úthlutar fé úr sjóðnum til annarra ráðuneyta. Skal úthlutað úr sjóðnum að minnsta kosti einu sinni á ári.

Styrkur skv. 1. mgr. getur aldrei numið hærri fjárhæð en um 80% kostnaðaráætlunar á hverju úthlutunarári vegna viðkomandi verkefnis og að jafnaði ekki hærri fjárhæð en 2 millj. kr. til hvers verkefnis nema um umfangsmikil samstarfsverkefni milli ráðuneyta sé að ræða.

3. gr.

Skilyrði.

Verkefni sem fá úthlutað styrk þurfa að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Vera á ábyrgð ráðuneytis enda þótt öðrum hafí verið falin framkvæmd þeirra.
2. Fela í sér nýtingu á niðurstöðum, reynslu og þekkingu eða innleiðingu á tillögum sem telja má til afraksturs af verkefnum í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar.

4. gr.

Upplýsingar um styrki.

Fyrir 1. janúar ár hvert skal velferðarráðuneytið senda öllum ráðuneytum bréf þar sem minnt er á að unnt sé að sækja um styrki úr Framkvæmdasjóði jafnréttismála og tilgreint hver umsóknarfrestur er.

5. gr.

Umsókn um styrki.

Ráðuneyti skal sækja um styrki til velferðarráðuneytisins fyrir 15. febrúar ár hvert. Í umsókn skal koma fram nánari lýsing á verkefni sem og rökstuðningur fyrir því að veita skuli verkefninu styrk.

6. gr.

Skyldur ráðuneyta.

Ráðuneyti sem hefur fengið styrk úr Framkvæmdasjóði jafnréttismála skal gera grein fyrir framvindu verkefnisins og ráðstöfun fjárens óski velferðarráðuneytið sérstaklega eftir því.

7. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar gilda fyrir úthlutanir úr Framkvæmdasjóði jafnréttismála á árunum 2016–2019.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2., 4. og 5. gr. skal heimilt að ráðstafa fjárveitingu vegna ársins 2016 á árinu 2017.

Velferðarráðuneytinu, 12. desember 2016.

Eygló Harðardóttir
félags- og húsnæðismálaráðherra.

Bolli Þór Bollason.

B-deild – Útgáfud.: 15. desember 2016